

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 197/2006 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar söfnun, flutning, meðferð, notkun og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu.**

### 1. gr.

#### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 197/2006 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar söfnun, flutning, meðferð, notkun og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu.

### 2. gr.

#### *Fylgiskjal.*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

### 4. gr.

#### *Samþykki opinbers eftirlitsaðila.*

Þegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. kveður á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis skv. 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

### 5. gr.

#### *Eftirlit.*

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

### 6. gr.

#### *Fiskimjöl og lýsi.*

Verksmiðju, vinnslusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru til framleiðslu fiskimjöls og lýsis, má ekki nota til framleiðslu úr öðru hráefni en sjávarafurðum.

### 7. gr.

#### *Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.  
*Lagastof.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

9. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrir en 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2010.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 197/2006**

frá 3. febrúar 2006

**um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar söfnun, flutning, meðferð, notkun og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um grundvallarendurskoðun á reglum Bandalagsins um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis og nokkrum ströngum skilyrðum bætt við. Að auki er kveðið á um að heimilt sé að samþykkja viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir.
- 2) Með tilliti til þess hversu skilyrði þessi eru ströng er aðildarríkjunum, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 813/2003 frá 12. maí 2003 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar söfnun, flutning og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu<sup>(2)</sup>, veitt undanþága til að leyfa stjórnendum að halda áfram að fara að landsreglum, til 31. desember 2005, að því er varðar söfnun, flutning og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu. Aðildarríkin hafa farið þess á leit að gildistími undanþágunnar verði lengdur til að komast hjá röskun á viðskiptum því er nauðsynlegt að lengja gildistíma undanþágunnar.
- 3) Í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs<sup>(3)</sup> eru sett fram skilyrði um veitingu leyfa fyrir urðunarstaði og fyrir úrgang sem telst tækur á mismunandi urðunarstöðum. Til samræmis við það er rétt að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þeirri tilskipun ef lögbært yfirvald telur að matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, skapi ekki hættu fyrir lýðheilsu eða heilbrigði dýra sé þeim fargað á urðunarstað.

- 4) Tiltækin matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, s.s. brauð, pasta, sætabrauð og svipaðar vörur, skapa litla hættu fyrir lýðheilsu eða heilbrigði dýra, að því tilskildu að þau hafi ekki komist í snertingu við hráefni úr dýraríkinu á borð við hrátt kjöt, hráar lagarafurðir, hrá egg og hrámjólk. Í þeim tilvikum skal lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa notkun matvæla, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, í fóður ef yfirvaldið hefur verið fullvissað um að slík iðja skapi hvorki hættu fyrir lýðheilsu né heilbrigði dýra. Lögbæru yfirvaldi skal einnig heimilt að leyfa notkun matvælna í öðrum tilgangi, s.s. í áburð, eða meðhöndlun þeirra eða förgun á annan hátt, til að mynda í lífgas- eða myltingarstöð sem er ekki viðurkennd í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

- 5) Framkvæmdastjórninni ber að leita álits hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu um mögulega áhættu sem felst í því að breyta núgildandi framlengdri undanþágu í framkvæmdarráðstafanir skv. i-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

- 6) Til að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stofnað í hættu skal viðhalda viðeigandi eftirlitskerfum innan aðildarríkjanna á aðlögunartímabilinu.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

**Undanþága að því er varðar söfnun, flutning, meðhöndlun, notkun og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu**

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr., 7. gr. og I-III. kafla og V.-VIII. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 mega aðildarríkin heimila söfnun, flutning, meðhöndlun, notkun og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu og um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar (matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu), í samræmi við 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar að, því tilskildu að:

- a) þau hafi ekki verið í snertingu við neina aukaafurð úr dýrum sem um getur í 4. og 5. gr. og 6. gr. (a- til e-liður og g- til k-liður 1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 eða við annað hráefni úr dýraríkinu,
- b) þetta skapi hvorki hættu fyrir lýðheilsu né heilbrigði dýra.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 416/2005 (Stjtið. ESB L 66, 12.3.2005, bls. 10).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein, gildir þó ekki um hráefni úr dýraríkinu.

2. gr.

#### Söfnun og flutningur

Aðildarríkjnum er heimilt að leyfa söfnun og flutninga á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, að því tilskildu að sá sem sendir eða flytur matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu:

- a) sjái til þess að matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, séu send og flutt á stöð eða á annan stað sem hefur fengið leyfi skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 eða til stöðvar eða annars staðar eða á urðunarstað skv. 3. gr. þessarar reglugerðar og
- b) haldi ská yfir sendingar í a.m.k. tvö ár frá sendingar- eða flutningsdegi til að sýna fram á þetta og geri skrána aðgengilega lögbæru yfirvaldi að beiðni þess.

3. gr.

#### Meðhöndlun, notkun og förgun

Aðildarríkin geta heimilað:

- a) að matvælum, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, sé fargað sem úrgangi með urðun á urðunarstað sem er samþykktur samkvæmt tilskipun 1999/31/EB,
- b) að matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, séu meðhöndluð í öðru kerfi sem er samþykkt með skilyrðum sem lágmarka hættu fyrir heilbrigði dýra og lýðheilsu, að því tilskildu:

i. að efnið sem kemur úr vinnslunni sé sent til förgunar í brennslustöð eða sambrennslustöð í samræmi við tilskipun 2000/76/EB <sup>(1)</sup> eða á urðunarstað í samræmi við tilskipun 1999/31/EB og

ii. að efnið sé ekki notað í fóður eða sem lífrænn áburður eða jarðvegsbætur

eða

c) að matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, séu notuð í fóður án frekari meðhöndlunar eða notuð í öðrum tilgangi án frekari meðhöndlunar ef þessi matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, hafa ekki verið í snertingu við hráefni úr dýraríkinu og lögbært yfirvald hefur verið fullvissað um að slík notkun skapi hvorki hættu fyrir lýðheilsu né heilbrigði dýra.

4. gr.

#### Eftirlitsráðstafanir

Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með því að stjórnendur fari að þessari reglugerð.

5. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá 1. janúar 2006 til 31. júlí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjnum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

B-deild – Útgáfud. 19. febrúar 2010

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.